

Lesið greinina "Landnám lifandi mynda: Úr sögu kvikmyndanna á Íslandi fram til 1930"¹ eftir Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðing og skrifið hugleiðingu út frá henni um hvernig kvikmyndasýningar og kvikmyndaáhorf (kvikmyndamenning) hefur breyst í samfélaginu, út frá ykkar skynjun og skilningi. Notið greinina sem viðmið fyrir kvikmyndamenningu fyrstu áratuga 20. aldar og svo ykkar eigin upplifun af kvikmyndamenningu nú á dögum. Hvernig eru myndirnar ólíkar? Framleiðslan? Sýningarnar? Menningarlegt gildi? Upplifun áhorfenda? Og svo framvegis. Einnig má spyrja sig: hvað er líkt með kvikmyndum, þá og nú?

Ekki spillir fyrir ef þið getið tengt upphafsár íslensku kvikmyndasýninganna við það sem var á seyði úti í heimi á svipuðum tíma, sbr. það sem við höfum rætt áður (t.d. Lumière og Méliès, raunsæisáhrifin, áhugi á tækninni umfram efninu, eða að skyggjast inn í framandi heima) og grein Kracauers sem við lásam um daginn.

Menning Íslendinga frá upphafi landnáms fram á okkar daga tengist ritlistum. Sagðar eru sögur og farið með ljóð. Þetta efni hefur frá öndverðu verið skráð niður og hluti af því hefur varðveist fram á okkar daga. Á fyrstu öldunum tengdust myndskreytingar ritmáls oftast upphafsstöfum kafla. Sjónmenning fékk litla athygli framan af og það var ekki fyrr en leið að tuttugustu öldinni að málalalisti fór að þróast og lifandi myndir héldu innreið sína í íslenska menningu í byrjun tuttugustu aldarinnar. Titill greinarinnar eftir Eggert Þór Bernharðsson er lýsandi: „Landnám lifandi mynd: Úr sögu kvikmyndanna á Íslandi fram til 1930“.

Landnám kvikmyndanna í íslenska menningu hélst í hendur við tilurð kvikmynda úti í hinum stóra heimi: Lumiere bræður gerðu sýna mynd um verkafólk yfirgefa verksmiðu árið 1895 og Georges Méliès frumsýndi stórmynd sýna um ferðina til tunglsins árið 1902. Ári seinna, eða 1903 hefst landnám lifandi mynda á Íslandi samkvæmt grein Eggerts Þórs. Það ár ferðuðust tveir menn, D. Fernander og R. Hallseth, um landið og sýndu kvikmyndir. Kemur þar fram að þeir hafi upphaflega ætlað að vera í nokkra daga og hafa sýningar á kvöldin, en vegna mikillar aðsóknar á sýningar þeirra framlengdu þeir dvölinu og voru með margar sýningar á dag. Myndefni þeirra samkvæmt títtnefndri grein var: Landslagsmyndir frá Noregi, myndir af merkjum mönnum, þar á meðal af sálmaskáldinu Matthíasi Jochumssyni, ýmis dýr í dýragarðinum í Lundúnum, bardagar úr Búastríðinu og fjöldi af „grín“myndum. Virtust síðast töldu myndirnar falla mönnum best í geð og er haft að orði í grein Eggerts Þórs að Iðnó hafi nötrað af hlátri sýningargesta þegar þær voru á dagskrá.

Þessar lýsingar Eggerts Þórs leiða mig aftur í barnsmínið: Kvikmyndasýningar í samkomuhúsi í litlu sjávarþorpi úti á landi rétt eftir miðja síðustu öld, á sunnudögum

¹ <https://notendur.hi.is/eggthor/lifandimyndir.htm>

klukkan þrjú. Næstum öll börn þorpsins voru viðstödd, þau litlu sátu á fremsta bekk svo þau sem stærri voru skyggðu ekki á myndina. Unglingarnir sátu aftast og höfðu hátt, mesta fjörið var þar. Spennan var áþreifanleg í salnum þegar kvikmyndasýningin hófst. Unglingarnir blísturðu og stöppuðu niður fótunum, litlu börnin supu hveljur. Þetta var svo áhrifaríkt. Fyrst voru sýndar svarthvítar myndi, oft klippur úr gömlum „grín“myndum eða fréttamyndum og síðan hófst myndin sjálf og þá ætlaði allt um koll að keyra. Jafnvel litlu börnin öskruðu af fögnuði. Roy Rogers var vinsælastur og þegar hann birtist á hvíta hestinum náði spenningurinn hámarki. Við horfðum á myndina af andakt og í hvert sinn sem eitthvað krassandi gerðist í myndinni, þá blístruðu þeir sem það kunnu, hinir létu sér nægja að stappa niður fótunum og hrópa. Um miðja myndina var gert hlé og þá hófst troðningurinn við sælgætissöluna, hjá þeim sem áttu peninga til að kaupa eitthvað gott. Unglingarnir skiptust á leikara myndum. Litlu börnin fóru á klósettið og svo var ruðst inn í salinn aftur og seinni hluti myndarinnar hófst. Í lok myndarinnar var klappað, stappað og blístrað og út fórum við með minningar um stórkostleg ævintýri sem við höfðum orðið vitni að.

Kanasjónvarpið kom og áfram voru það kúrekamyndirnar sem heilluðu mest. Það voru sjónvörp á örfáum heimilum í þorpinu og þegar framhaldsþættirnir sem nefndust „Bonansa“ voru á dagskrá, þá flyktust börnin í þorpinu inná þessi heimili. Við bönkuduð uppá og spurðum hvort við mættum horfa á sjónvarpið. Aldrei man ég eftir að þeirri beiðni hafi verið hafnað. Við sátum á öllum stólum og borðum í stofum gestgjafanna og þeir sem ekki fengu sæti lágu í hrúgu á gólfinu. Saman horfðum við á þættina, þau eldri útskýrðu fyrir þeim yngri ef eitthvað órátt kom upp. Á undan þáttunum voru oft sýndar gamlar fréttaklippur sem nefndust „News Briefs, The Greatest Headlines of the Century“. Þessar klippur fundust mér áhugaverðar. Ég man enn eftir þegar gamall maður, eigandi sjónvarpsins og hússins sem við vorum gestkomendur í, sagði: „Oh þessi nessbréf eru svo leiðinleg!“ Ég var honum algjörlega ósammála og svo vissi ég að maður átti ekki að segja „nessbréf“, þetta voru „njúsbríf“.

Myndirnar í sjónvarpinu og kvikmyndahúsum höfðu mikil áhrif á leiki barnanna, sérstaklega drengjanna. Strákarnir hefluðu sér byssur og riffa úr spýtum og léku sér í kúrekaleik í anda hetjunnar Roy Rogers. Man ég til dæmis eftir einum dreng sem handleggsbrotnaði við að stökkva fram af stigapalli á annarri hæð og niður á jörð, hann var að flýja undan óvinum sýnum sem sóttu að honum við húshornið.

Þegar fram leið tuttugustu öldina kom íslenska sjónvarpið til sögunnar og þá voru sjónvarpstæki til að nema útsendingarnar á flestum heimilum í þorpinu. Horfði þá hver fjölskylda á sitt sjónvarp í næði og var ekki laust við að við söknuðum gömlu tímanna þegar krakka hópurinn kom saman til að horfa. Bíósýningar í samkomuhúsinu lögðust af í kjölfarið. Þegar hér var komið sögu hafði kvikmyndaeftirlit móður minnar tekið gildi: Það voru mjög strangar reglur á heimilinu um hvað við máttum horfa á og hvað alls ekki. Það var einfaldlega slökkt á tækinu þegar svo bar undir og enginn dirfðist að malda í móinn við mömmu.

Þetta kvikmyndaefirlit móður minnar hefur örugglega mótað mig því ég hef tamið mér að ganga út af sýningum ef atriði í þeim ofbjóða mér. Á menntaskólaárunum man ég til dæmis eftir að hafa gengið út af stórmyndum eins og „Clockwork Orange“ og „Deer Hunter“, vinum mínum til stórfurðu. En hvers vegna átti ég að láta einhverja kvikmyndaleikstjóra vaða inn í mitt tilfinningalíf og hafa þar mótandi áhrif? Ég er enn sömu skoðunar og vel myndir sem ég horfi á.

Á háskólaárunum í Reykjavík náði sjónvarpið ekki lengur uppá pallborðið, það þótti einfaldlega of smáborgaralegt að eyða tímanum í að glápa á það. Endalausar myndir úr smiðjum Hollywood um hasar og kúreka voru orðnar þreytandi. Lífandi myndir voru þó stór hluti af menningarlífi okkar háskólanema því mín klíka var í kvikmyndaklúbbi sem kallaðist „Fjalakötturinn“. Þar voru sýndar framúrstefnu myndir eftir leikstjóra sem þá voru ungir, eins og Wim Wenders, Werner Herzog, Akira Kurosawa og Stanley Kubric. Myndir Kurosawa: „Dodesukaden“ og „Dersu Usala“ höfðu sterk áhrif á mig og „Odyssey 2001“ Kubric's var hrein upplifun. Í minningunni er hún ennþá á topp tíu listanum hjá mér yfir bestu myndir allra tíma. Tæknilega var hún svo vel gerð á þess tíma mælikvarða, tónlistin var ógleymanleg og hún spilaði svo vel með myndefninu að það var unaðslegt á að horfa og hlusta, myndatakan frábær að ógleymdum söguþræðinum sem var hægt að ræða endalaust og túlka að vild hvers og eins. Sömuleiðis man ég vel eftir mynd frá þessum árum um konu sem bjó í húsi niðurgröfnu í sandi og hef ég oft notað líkingar úr þeirri mynd til að skilja fólk sem lifir við hamlandi aðstæður. Ekki man ég eftir hver gerði þá mynd, en mikið yrði gaman að sjá hana aftur. Mánudagsmyndirnar í Háskólabíói létum við sjaldan framhjá okkur fara á þessum árum.

Nú í upphafi nýrrar aldar hefur kvikmyndataekninni fleygt fram, við horfum á myndir í þrívídd með sérstökum gleraugum og fram undan eru myndir þar sem við áhorfendur þurfum bara að setja á okkur hjálma til að vera komin inn í myndina og getum jafnvel tekið þátt í atburðum myndarinnar og breytt þeim. Kvikmyndir og tölvuleikir hafa þá runnið saman í eitt form. Hvort sú tækni á eftir að skila okkur myndum sem hafa dýpri áhrif á sálarlíf okkar og tilfinningar en fyrstu lífandi myndir höfðu á sýna áhorfendur, efast ég um. Því þegar öllu er á botninn hvolft, þá er það ekki tæknin sem er notuð við framleiðslu myndanna sem er áhrifaríkust, heldur er það sagan sjálf sem kvikmyndin segir sem setur sterkasta mark sitt á áhorfandann. Þá sem nú.

Heimild:

Eggert Þór Bernharðsson: "Landnám lífandi mynda: Úr sögu kvikmyndanna á Íslandi fram til 1930". Vefslóð: <https://notendur.hi.is/eggthor/lifandimyndir.htm>

Reykjavík 18. október 2016
Sigurlaug Kristmannsdóttir